

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 1254

komudagur 1 / 4 1997



Borgartúni 33
150 Reykjavík
Sími 562 2000
Bréfsími 562 7500

25. mars 1997
ÓHP/GK

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til laga um almenn hegningarlög - 258. mál, punktakerfi

Með bréfi allsherjarnefndar, dagsettu 19. febrúar 1997, er óskað umsagnar Umferðarráðs um ofangreint frumvarp.

Á fundi í Umferðarráði, þann 13. desember 1996, kynnti Sigurður T. Magnússon héraðsdómari, formaður nefndar dómsmálaráðherra um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar, drög að frumvarpi því er hér um ræðir um punktakerfi vegna umferðarlagabrotá. Málið var síðan aftur til umfjöllunar á fundi Umferðarráðs þann 27. febrúar sl. Þar lýstu fundarmenn ánægju með efni frumvarpsins og vísuðu því til afgreiðslu hjá stjórn ráðsins.

Stjórnin hefur nú afgreitt málið. Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið og eindregið er mælt með samþykkt þess. Punktakerfi vegna umferðarlagabrotá mun án efa verða til þess að brotum fækkar og umferðaröryggi eykst. Umferðarráð bindur því miklar vonir við þá nýbreytni sem samþykkt þessa frumvarps hefur í för með sér og væntir þess að hin nýju lög taki gildi þann 1. júlí nk. eins og að er stefnt, sama dag og lögreglulög nr. 90/1996.

f.h. Umferðarráðs

Óli H. Þórðarson
framkvæmdastjóri